

Norðausturvegur- tenging Vopnafjarðar við Hringveg

Hljóðvist

Umferðarhávaði var reiknaður vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar. Í samræmi við reglugerð um hávaða nr. 933 frá 20. desember 1999 var hljóðstig reiknað með samnorrænu reiknilíkani fyrir umferðarhávaða. Reiknað var jafngildishljóðstig fyrir sólarhring í dB(A). Uppfylla þarf kröfur í töflu í kafla 5 í fyrrnefndri reglugerð. Nærri fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru nokkur íbúðarhús og nokkur sumarhús. Við íbúðarhús þarf að uppfylla skilyrði um 55 dB(A) og í skilgreindri sumarhúsabyggð 45 dB(A).

Við öflun á forsendum fyrir útreikninga á umferðarhávaða var gerð umferðarspá. Samkvæmt líklegustu spá verður umferðin eins og sjá má í eftirfarandi töflu. Vegnúmerin eiga við núverandi veg og er sá hluti sem hefur vegnúmer 85-40 á milli Hlíðarveggar og Sunnudalsveggar.

Tafla 1. Umferðarspá (Vegagerðin).

Umferðarspá	Árið 2010	Árið 2015	Árið 2020	Árið 2025
ÁDU	[bílar/sólarhr.]	[bílar/sólarhr.]	[bílar/sólarhr.]	[bílar/sólarhr.]
Vesturárdalsleið um Búastaði				
Vegnr. 85-40	133	150	167	184
Vegnr. 85-41-(44)	86	102	117	133
Vesturárdalsleið um Hofsháls og Hofsárdsalsleið				
Vegnr. 85-40	139	158	176	195
Vegnr. 85-41-(44)	86	102	117	133

Aðrar forsendur við útreikninga á hljóðstigi voru eftirfarandi:

- Þungabílaprósentu = 10%.
- Umferðarhraði = 90 km/klst.
- Yfirborð á milli hljóðgjafa og móttaka „mjúkt“.

Segja má að breytilegu forsendurnar í útreikningunum séu langhalli vegarins og hugsanlegar „náttúrulegar hljóðmanir“ í umhverfinu á milli hljóðgjafa og móttaka. Langhalli fyrirhugaðs vegar er þekktur og til að tryggja að útreiknað hljóðstig sé ekki vanreiknað voru „náttúrulegar hljóðmanir“ ekki teknar með í útreikningana nema þær hefðu veruleg áhrif til lækkunar á útreiknuðu hljóðstigi.

Til að einfalda framsetningu var umferðarhávaði reiknaður fyrir hvert hús og settur í töflur 2-5 hér að aftan þar sem einnig kemur fram fjarlægð hússins frá miðlínu fyrirhugaðs vegar. Reiknað var fyrir árin 2010 og 2025. Miðað var við að reikna við þau hús sem standa nær vegi en um 300 metra. Hljóðstigið er það lágt að í um 300 metra fjarlægð er hljóðstig utanhúss nálægt því að uppfylla kröfur reglugerðar um hljóðstig innanhúss. Töflum 2-5 er skipt upp eftir mögulegum leiðum.

Fylgiskjal 3

Tafla 2. Fjarlægð frá veglínunum að íbúðarhúsum og útreiknaður umferðarhávaði á Vesturárdalsleið um Búastaði

Vesturárdalsleið um Búastaði	Fjarlægð að íbúðarhúsum [m]	Útreiknað jafngildishljóðstig Árin 2010-2025 [dB(A)]	Athugasemdir
Hauksstaðir	220	33-35	
Fremri-Hlíð	250	30-32	
Ytri-Hlíð	620-720	#	Óþarft að reikna
Búastaðir	140	35-37	
Veiðihús Vesturd.	270	29-31	
Vakurstaðir	1100	#	Óþarft að reikna
Hvammslækur	980	#	Óþarft að reikna
Ljósstaðir	850	#	Óþarft að reikna
Torfastaðir	950	#	Óþarft að reikna
Sumarhús Norður-Skálanes	80	41-43	
Reykhús Norður-Skálanes	21	#	Hljóðstig ekki áhugavert

Á Vesturárdalsleið um Búastaði er ekkert hús sem þarf að skoða sérstaklega vegna möguleika á að uppfylla ekki ákvæði reglugerðar.

Tafla 3. Fjarlægð frá veglínunum að íbúðarhúsum og útreiknaður umferðarhávaði á Vesturárdalsleið um Hofsháls

Vesturárdalsleið um Hofsháls	Fjarlægð að íbúðarhúsum [m]	Útreiknað jafngildishljóðstig Árin 2010-2025 [dB(A)]	Athugasemdir
Hauksstaðir	560	#	Óþarft að reikna
Hof	570	#	Óþarft að reikna
Sumarhús Þorsteinsstaðir	105	41-43	
Deildarfell	300*	30-32	Lega vegar óbreytt
Fell	340*	29-31	Lega vegar óbreytt
Ásbrandsstaðir	150*	36-38	Lega vegar óbreytt
Vatnsdalsgerði	330*	32-34	Lega vegar óbreytt. Gert ráð fyrir 100 bílum frá Hlíðarvegi til viðbótar
Miðhús	20*	53-55	Lega vegar óbreytt. Gert ráð fyrir 100 bílum frá Hlíðarvegi til viðbótar

*Fjarlægð að núverandi vegi

Á Vesturárdalsleið um Hofsháls má segja að umferðarhávaði á Miðhúsum árið 2025 gæti orðið nærri 55 dB(A). Bent skal á að lega vegarins er óbreytt á þessum stað og því líklegt að hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar séu hverfandi.

Fylgiskjal 3

Tafla 4. Fjarlægð frá veglínunum að íbúðarhúsum og útreiknaður umferðarhávaði á Hofsárdalsleið Einarstaðamegin

Hofsárdalsleið Einarstaðamegin	Fjarlægð að íbúðarhúsum [m]	Útreiknað jafngildishljóðstig Árin 2010-2025 [dB(A)]	Athugasemdir
Foss	630	#	Óþarft að reikna
Sumarhús Fremri Snið	470	#	Óþarft að reikna
Sumarhús Bustarfelli	610	#	Óþarft að reikna
Einarstaðir	120	37-39	
Bustarfell	1040	#	Óþarft að reikna
Þorbrandsstaðir	490	#	Óþarft að reikna
Sumarhús við Teigsá	580	#	Óþarft að reikna
veiðihús Hofsá	110	37-39	
Starfsmannahús	70	42-44	
Teigur	210	33-35	
Hof	230*	33-35	Lega vegar óbreytt

*Fjarlægð að núverandi vegi

Tafla 5. Fjarlægð frá veglínunum að íbúðarhúsum og útreiknaður umferðarhávaði á Hofsárdalsleið Bustarfellsmegin.

Hofsárdalsleið Bustarfellsmegin	Fjarlægð að íbúðarhúsum [m]	Útreiknað jafngildishljóðstig Árin 2010-2025 [dB(A)]	Athugasemdir
Foss	630	#	Óþarft að reikna
Sumarhús Fremri Snið	470	#	Óþarft að reikna
Sumarhús Bustarfelli	270	29-31	
Einarstaðir	900	#	Óþarft að reikna
Bustarfell	190	32-34	
Þorbrandsstaðir	670	#	Óþarft að reikna
Sumarhús við Teigsá	210	31-33	
Veiðihús Hofsá	55	44-46	
Starfsmannahús	140	35-37	
Teigur	210	33-35	
Hof	230*	33-35	Lega vegar óbreytt

*Fjarlægð að núverandi vegi

Á Hofsárdalsleið er ekkert hús sem þarf að skoða sérstaklega vegna möguleika á að uppfylla ekki ákvæði reglugerðar. Útreikningar fyrir Vesturárdalsleið um Hofsháls hér að framan gilda einnig á Hofsárdalsleið fyrir þau hús sem eru norðan við Hof.